

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

124. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 15. apríl 2014 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindisbréf fjallskilastjórna
2. Úthlutun fjármagns til viðhalds heiðagirðinga.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, formaður fór yfir drög að erindisbréfi fyrir fjallskilastjórnir í Húnaþingi vestra sem fjallað var um á síðasta fundi ráðsins. Rætt um einstök ákvæði erindisbréfsins og lítilsháttar breytingar gerðar. Landbúnaðarráð samþykkir erindisbréfið fyrir sitt leyti og vísar því til afgreiðslu sveitarstjórnar.
2. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 2.500.000 sem eru til ráðstöfunar á árinu 2014 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

- | | |
|-----------------|----------------|
| a) Í Hrutafirði | kr. 625.000- |
| b) Í Miðfirði | kr. 862.500- |
| c) Í Víðidal | kr. 1.012.500- |

Lagt er til að kauptaxtar fyrir girðingavinnu verði samræmdir. Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2014 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk. Formenn fjallskiladeilda gæti þess að kostnaði viðhaldsframkvæmda sé haldið innan fjárheimilda.

3. Önnur mál.
Sveitarstjóri greindi frá upplýsingum sem hann hefur aflað frá Einari Kára Magnússyni starfsmanni Matvælastofnunar o.fl. vegna breytinga á forðagæslu búfjár um sl. áramót og það skipulag er MAST hefur tekið upp í því sambandi.

Landbúnaðarráð beinir þeim tilmælum til fjallskilastjórna að loka nú þegar fyrir umferð um þá styrkvegi í sveitarfélaginu sem kunna að liggja undir skemmdum á næstu vikum vegna ótímabærrar umferðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:10